



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FUNDUR FORSETA ÍSLANDS OG DENG PUFANG

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson á fund í dag, fimmtudaginn 15. júní, með Deng Pufang forseta Landssambands fatlaðra í Kína. Fundurinn verður á Bessastöðum og hefst kl. 18:00. Fjölmiðlum er heimil myndataka við upphaf fundarins og viðtöl ef aðstæður leyfa.

Deng Pufang fæddist Sichuan héraði í Kína árið 1944 og er sonur Deng Xiao Ping fyrrverandi leiðtoga Kína og helsta áhrifavalds á nútímaþróun í landinu. Lífshlaup Deng Pufang er mótað af örlagaríkum viðburðum í ævi föður hans, jafnt í menningarbyltingunni svokölluðu sem og síðar.

Deng Pufang er mikill áhrifamaður í Kína og þjóðþekktur baráttumaður fyrir bættum aðbúnaði fatlaðra bæði í heimalandi sínu sem og á alþjóðavettvangi. Deng Pufang er forseti framkvæmdanefndar Ólympíuleikanna í Beijing árið 2008 og stýrir einnig undirbúningi að Special Olympics sem efnt verður til í Shanghai á næsta ári, en þeir leikar eru ætlaðir íþróttafólki sem býr við andlega fötlun.

Deng Pufang situr ásamt forseta Íslands í Alþjóðastjórn Special Olympics.

15. júní 2006